

Kópavogi 10. ágúst 2025.

Bréf til bæjarstjórnar Kópavogs

– aukaskjal vegna spurningabréfs sem enn er beðið svara við frá 20. júní 2025

Komið þið sæl.

Við lögðum fram 18 spurningar fyrir og á upplýsingafundi þann 30. júní síðastliðinn til að fá svör varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Traðar- og Fannborgarreitum. Spurningarnar voru sendar með tölvupósti þann 26 júlí á Ásdísi Kristjánsdóttur bæjarstjóra, Auði Dagnýju Kristinsdóttur skipulagsfulltrúa, Ásthildi Helgadóttur sviðsstjóra umhverfissviðs og Elvar Inga Jóhannesson byggingarverkfræðing hjá Örug.

Ásthildur Helgadóttir upplýsti fyrir fullum sal af heimafólki að hún hefði tekið á móti spurningunum frá okkur og þeim yrði svarað lið fyrir lið, eins og sjá má hér <https://www.kopavogur.is/is/umhverfismal/midbaer-i-motun/upplýsingafundir> á 1.44 klst. en hún sagði reyndar ekki hvenær, svo við reiknuðum með innan 15 daga eins og lög kveða á um. Einnig tilkynnti hún á fundinum að ef við hefðum fleiri spurningar þá væri bara að senda þær :)

Engum spurningum hefur þó verið svarað.

Spurning 1. Gólfhæð nýrra húsa á Traðarreit vestur er GK 51,68 miðað við teikningar. Gólfhæð Hamraborgar 32 er GK 49,50, hver verður hæð Mannlífsásar við Hamraborg 32?

Hér virðist vera hæðarmismunur upp á um 2 metra og gengur það alls ekki upp miðað við framlagðar teikningar og 3D framsetningu.

Spurning 2. Hver verður hæð þakplötu bílakjallara Traðarreits vestur (undir Mannlífsásar) við Hamraborg 32 og hver verður fjarlægð bílakjallarans frá útvegg Hamraborgar 32, Neðstutráðar megin?

Við viljum því fara betur yfir spurningar nr 1. og 2. Þær snúast sem sagt um hæðarkóta (GK sem er gólfkóti) á gólfplötum jarðhæða þeirra húsa og bílakjallara sem á að byggja á Traðarreit Vestur. Hægt er að ímynda sér að gleymst hafi að fyrir eru hús t.d. Hamraborg 30, 32 og 34 sem liggja að fyrirhuguðum Mannlífsás og að hæðarkótum á þeim húsum verður ekki breytt átakalítið.

Þá veltum við fyrir okkur hver verður hæð steyptrar þakplötu bílakjallara Traðarreits? Þessi hæðarkóti er mjög mikilvægur þar sem Mannlífsás verður byggður ofan á þessa plötu og liggur þétt upp að fjölbýlishúsunum Hamraborg 30, 32, 34 og 36.

Einnig viljum við vita endanlega hæð Mannlífsásar að framkvæmdum loknum til að bera saman við hæðarkóta Hamraborgarhúsanna. Því hæðarmunur virðist vera mjög mikill og það skiptir miklu máli.

Á þeim teikningum sem fyrir liggja er ekki málsett fjarlægð frá fyrirhuguðum útvegg bílakjallara við Traðarreit að útvegg Hamraborgarhúsanna.

Þessar málsetningar eru trúlega óþægilegar en mikilvægar fyrir þá sem standa að þessum framkvæmdum og líka þá sem þurfa að búa við framkvæmdirnar í 7 ár. Þessar málsetningar þurfa að vera á teikningum!

Þessi atriði valda okkur íbúum hér í Hamraborg áhyggjum því miðað við það sem venjulegt fólk getur grafið upp af upplýsingum hjá Kópavogsbæ um framkvæmdina þá virðist útvegur niðurgrafins 2. hæða bílakjallara vera um 2 metrar frá útvegg Hamraborgar 30, 32, 34 og hæð Mannlífsáss virðist vera upp á miðja glugga 1. hæðar Hamraborgar 30 og 32 og því er spurt; er möguleiki að fá útskýringar og upplýsingar og svör við þessum spurningum?

Hér eru kaflar úr Byggingarreglugerð 112/2012 Aðaluppdrættir og byggingarlýsing 4.3.1. gr. Aðaluppdrættir:

“Aðaluppdráttur að húsi skal sýna grunnflöt allra hæða þess og milliflata, mismunandi sneiðar húss og lóðar og allar hliðar. Ennfremur skal á uppdrætti, er sýnir grunnflöt jarðhæðar, gera grein fyrir hæðarlegu lóðar eins og hún er og eins og ætlast er til að hún verði gagnvart götu og lóðum sem að henni liggja. Ef hús er í samfelldri húsaröð skal sýna aðlægar húshliðar.”

“Tilgreina skal á aðaluppdrætti hæð á neðsta gólfi mannvirkis, hæðarkóta á hverri hæð og hæðarkóta efsta punkts þakvirkis miðað við hæðarkerfi viðkomandi sveitarfélags en götuhæð þar sem hæðarkerfi er ekki fyrir hendi.”

Miðað við þessa reglugerð ættu þessir hæðarkótar og fjarlægðir að vera aðgengilegar. Bent hefur verið á að eina leiðin til að fá svör frá meirihluta bæjarstjórnar Kópavogs sé með aðstoð lögfræðinga. Einnig að meirihluti bæjarstjórnar líti niður á fólk sem býr á þessu svæði og virði það ekki viðlits. Af einhverjum ástæðum upplifir fólk það og við spyrjum: Af hverju vill meirihlutinn í Kópavogi hafa það þannig? Eru fulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks ekki að vinna fyrir bæjarbúa? Eru þeir að vinna fyrir einhverja aðra? Er þetta það orðspor og sú ímynd sem þið viljið hafa? Við trúum því varla, enda hljómar það illa við siðareglur kjörinna fulltrúa Kópavogs frá janúar 2025.

Þessar spurningar og athugasemdir eru sendar á kopavogur@kopavogur.is og reiknum við með svörum án tafa frá bæjarstjórn Kópavogs.

Auðunn Þorsteinsson og Elín Kona Eddudóttir íbúar í Hamraborg 32, Kópavogi.